

ur, og visast málinu aptur heim í hjerað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður, og málflyttingslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, setts málaflutningsmanns Guðlaugs Guðmundssonar, 15 krónur, greiddist af almannafje.

Mánudaginn 6. desembermán.

Nr. 26/1886

Rjettvísinn

gegn

Sigurði Vigfússyni og  
Jóni Jónssyni.

### D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Norður-Múlasýslu, upp kveðnum 1. júlímán. þ. á., eru hinir ákærðu, Sigurður Vigfússon og Jón Jónsson, dæmdir hvor um sig í 4×5 daga fangelsi við vatn og braud samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869 230. gr., samanborinni við 58. gr. sömu laga og við 48. gr., að því er Jón Jónsson snertir, svo og til þess að lúka in solidum iðgjöld til Einars Hinrikssonar 60 kr. Um málskostnað er ekki ákveðið í dómsniðurlaginu, en eftir dómsforsendunum eiga hinir ákærðu að greiða hann in solidum, þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði til Sigmundar Matthíassonar 4 kr. Dómi þessum hefur hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað til yfirdómsins.

Það er löglega sannað með eigin játningu hinna ákærðu og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, að þeir hafi í vetur er leið margsinns farið í kjallara undir húsi húsbónda þeirra, Einars Hin-

rikssonar, og stolið brennivíni úr kjallaranum, er Einar átti þar; hinir ákærðu voru í samráði um verknadinn, en jafnan fór Sigurður í kjallarann, og var Jón þá viðstaddur; brennivínið drukku þeir í sameiningu. Hve miklu brennivíni þeir hafi stolið úr kjallaranum, hefur eigi orðið upplýst; þeir hafa kannazt við, að það hafi verið 10—20 fl. eða jafnvel meira. Framan af var kjallarinn ólæstur, en síðar var hengilás látinn fyrir hann, og kannast Sigurður við það, að hann hafi kippt lásnum upp með hendinni, er hann fór í kjallarann, en aldrei hafi hann brúkað lykla eða önnur verkfæri til þess. Ennfremur hefur Sigurður kannazt við, að hann hafi stolið einum kindarsviðum úr kjallaranum. Aftur á móti hefur hann eigi kannazt við, nje heldur hefur það á annan hátt sannazt, að hann hafi gjört sig sekan í svikum, sem þó hefur verið borið á hann í prófunum. Hinn ákærði Jón Jónsson hefur auk hlutdeildar í brennivínsþjófnadinum játað, að hann hafi stolið frá Einari húsbónda sínum hjer um bil 1 lpd. af kolum úr ólæstri kistu í eldhúsi. Hið stolna hefur eigi verið metið til peningaverðs, hvorki brennivínið, kindarsviðin nje kolin.

Með því að það eigi verður staðhæft eptir skýrslum málsins, að Sigurður Vigfússon hafi beitt slíku ofbeldi til þess að komast í kjallarann, að verknadur hans verði álitinn stórþjófnaður samkvæmt 231. gr. 4. tölul. í alm. hegningarlögum 25. júní 1869, þá heyrir afbrot hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt hegningu eða ákæru fyrir neitt lagabrot, undir 230. gr. nefndra laga, og þykir hegningin með hliðsjón af 58. og 63. grein hegningarlaganna hæfilega metin 4×5 daga fangelsi



við vatn og brauð, eins og hjeradsdómarinn hefur ákveðið hana. Afbrot meðákærða Jóns Jónssonar, sem einnig er kominn yfir lögaldur sakamanna, og eigi hefur áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurn glæp, ber að heimfæra undir 230., sbr. 55., 58. og 63. grein hegningarláganna, og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið, einnig hæfilega metin af undirdómaranum 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Hinir ákærðu hafa samþykkt að greiða í sameiningu 60 kr. sem idgjöld hins stolna til Einars Hinrikssonar, og verða hærri idgjöld eigi dæmd í málinu. Allan kostnað, er af málinu hefur leitt og leiðir, bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi, eiga hinir ákærðu að greiða in solidum, þar á meðal málsvarnarlaun til svaramanns í hjeradi 4 kr., og málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors.

Það er vítavert, að ákvæði um málskostnað í hjeradi er eigi tekið upp í dómsniðurlag undirrjettarins. Að öðru leyti hefur meðferð og rekstur málsins í hjeradi og sókn og vörn þess í yfirdómi verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir ákærðu, Sigurður Vigfússon og Jón Jónsson, eiga hvor um sig að sæta fangelsi við vatn og brauð í 4×5 daga. Sem idgjöld greiði þeir in solidum 60 kr. til Einars Hinrikssonar. Svo ber þeim og in solidum að greiða allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun til svaramanns fyrir undirrjetti, Sigmundar Matthíassonar, 4 kr., og

málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Jóns Jenssonar og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 krónur til hvors.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegrí birtingu dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 20. desembermán.

Nr. 32/1886

Rjettvísín

gegn

Kristjáni Hjálmarssyni.

### D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Þingeyjarsýslu, sem kveðinn var upp 5. júlí þ. á., var hinn ákærði, Kristján auka-póstur Hjálmarsson, dæmdur fyrir brot gegn 260. gr. hinna almennu hegningarlaga til að sæta 2 ára hegn-ingarvinnu og til að greiða allan kostnað af málinu, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða tals-manns hins ákærða, Jóns alþingismanns Sigurðssonar á Gautlöndum, 5 krónur.

Þessum dómi er að tilhlutun hlutadeigandi amt-manns skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, Kristjáns Hjálmarssonar, og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í málinu, er það löglega sannað, að hann, þá er hann var auka-póstur millum Grenjaðarstaðar, Raufarhafnar og Vopna-fjarðar, hafi frá því í desembermánuði 1884 og þang-að til seint á sumri 1885, orðið sekur um að hafa